

Sveitarstjóri Dalir

From: Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>
Sent: laugardagur, 30. desember 2017 23:31
To: Sveitarstjóri Dalir; Finnbogi Kristjánsson
Cc: Magnús Pálmi Skúlason; Eyjólfur Ingvi Bjarnason; Eypór Jón Gíslason; Halla Steinolfsdóttir; Ingveldur Guðmundsdóttir; Jóhannes Haukur Hauksson; Sigurður Bjarni Gilbertsson; Valdís Gunnarsdóttir; Þorkell Cýrusson
Subject: RE: Laugar og co

Sæl öll og takk fyrir þetta,

Heyrumst í næstu viku. Hlakka til að byrja á verkefninu með ykkur á nýju ári.

Gleðilegt ár!

Kveðja,

ÞH

From: Sveitarstjóri Dalir [mailto:sveitarstjóri@dalir.is]
Sent: laugardagur, 30. desember 2017 18:18
To: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>; Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>
Cc: Magnús Pálmi Skúlason <magnus@logskipti.is>; Eyjólfur Ingvi Bjarnason <eyjolfuringvi@gmail.com>; Eypór Jón Gíslason <brekkuhvammur10@simnet.is>; Halla Steinolfsdóttir <hallasteinolfs@gmail.com>; Ingveldur Guðmundsdóttir <ing.gudm@gmail.com>; Jóhannes Haukur Hauksson <johanneshh@simnet.is>; Sigurður Bjarni Gilbertsson <siggi-bjarni@hotmail.com>; Valdís Gunnarsdóttir <valaislandia@hotmail.com>; Þorkell Cýrusson <keli@audarskoli.is>
Subject: Laugar og co

Sælir

Finnbogi fasteignasali hefur staðfest að ekki hafi borist annað tilboð í umræddar eignir Dalabyggðar og því liggur fyrir að ganga frá samningi við Arnarlón ehf.

Fyrir liggur samþykki Flugleiðahótela, annars meðeiganda Dalabyggðar í Dalagistingu. Ekki hafa borist skilaboð frá búnaðarfélagunum, hinum meðeigandanum en Dalabyggð og Flugleiðahótel geta lokið málinu. Því þarf ekki lengur að hafa fyrirvara um þetta.

Með tilvísun í fyrri samskipti s.s. tölvupóst Þórhalls og ábendingar og athugasemdir sveitarstjórnarfulltrúa legg ég til eftirfarandi:

1. Dalabyggð leigi núverandi húsnæði Byggðasafnsins til 10 ára á kr. 250.000 pr. mánuð (sbr. tilboð 18/12) eða 3,0 millj. kr/ári. Hitakostnaður er innifalinn. Leigan verði fyrirframgreidd þegar Dalabyggð hefur fengið í hendur 250 millj. kr. skv. greiðslutilhögun C sbr. tilboð 18/12.

Leigjandi geti óskað endurskoðunar samnings eftir 5 ár og endurgreiði þá leigusali fyrirframgreidda leigu skv. samkomulagi.

2. Kaupandi lýsi yfir vilja til að leggja til lóð fyrir framtíðarhúsnæði Byggðasafnsins á Laugum komi til þess að sveitarstjórn telji fýsilegt að ráðast í slíka framkvæmd. Lóðinni verði fundinn staður við næstu breytingu deiliskipulags.
3. Listaverk hvers konar sem finna má í húsnæði Laugaskóla/hótels eru undanskilin við söluna.
4. Dalabyggð tengi núverandi vatnsveitu Lauga við Svínadalsveitu í síðasta lagi á árinu 2019. Tengigjald vegna þessa fellur niður. Dalabyggð leggur vatnsveitu að sumarhúsasvæði Sælingsdalstungu án endurgjalds en hvert hús greiðir stofngjald skv. gjaldskrá við tengingu. Vatnsnotkun greiðist skv. gjaldskrá Dalabyggðar.
5. Dalabyggð leggi fjölþráða ljósleiðara að Laugum á árinu 2018 og tengir hótelið án endurgjalds. Aðrar byggingar, íbúðar- og frístundahús á Laugum og Sælingsdalstungu verða tengdar ljósleiðarakerfi Dalabyggðar (Dalaveitna) skv. umsóknunum og gegn greiðslu stofngjalds. Mánaðarlegt gjald (línugjald) greiðist skv. gjaldskrá.
6. Dalabyggð lýkur við tengingar á nýjum heitum potti sem komið hefur verið fyrir á sundlaugarsvæðinu.
7. Verktakasamningur um rekstur íþróttamiðstöðvar fylgir með í samningnum. Hugsanleg afnot Dalabyggðar af íþróttamannvirkjum verða rædd sérstaklega en eru ekki hluti af kaupsamningi.
8. Allur búnaður og innbú til hótélrekstrar og er í eigu Dalagistingar eða Dalabyggðar fylgir með í kaupunum og eftir því sem kostur er slíkur búnaður sem kann að vera að einhverju eða öllu leyti í eigu Flugleiðahótela eða Ungmenna- og tómstundabúða. Þetta er þó að sjálfsögðu háð samkomulagi við viðkomandi.

Held að hér sé tekið á þeim álitamálum sem út af standa og vonast til að við lendum málinun í sátt og samlyndi á fyrstu dögum komandi árs.

Óska öllum árs og friðar.

Sveinn